Qualified Electronic Signature
HULDA SOFFÍA JÓNASDÓTTIR
2022-09-07 14:15:16 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
FRIGG ÁRNADÓTTIR THORLACIUS
2022-09-07 14:17:38 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Coripharma ehf.
Reykjavíkurvegi 78-80
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 7. september 2022
UST202103-159/H.S.J.
08.09.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17.12 2021 – Coripharma

Þann 17. desember sl. fór fram eftirlit í lyfjaverksmiðju Coripharma, Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. 5. og 7. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Losun efna og úrgangs í vatn, þ.m.t. efni á lista II í viðauka með reglugerðinni, er óheimil nema með heimild og losunarmörkum í starfsleyfi. Slík heimild er ekki til staðar í starfsleyfi rekstraraðila. Efni á lista II mældust yfir greiningarmörkum í vatnssýnum úr fráveitu rekstraraðila í október sl.

Rekstraraðili skilaði þann 13. janúar 2022 inn uppfærðri úrbótaáætlun varðandi eldri frávik sama efnis, sem skráð voru í eftirliti ársins 2020, þar sem áætlaðar úrbætur felast í því að sækja um breytingu á starfsleyfi. Frávikið sem skráð var í eftirliti ársins 2021 fellur einnig undir úrbótaáætlunina. Í áætluninni kemur fram að sótt yrði um starfsleyfi fyrir 31. mars 2022 og að breytt starfsleyfi sem heimilaði losun áðurnefndra efna á lista II myndi því liggja fyrir seint á árinu 2022 eða í byrjun árs 2023, miðað við málshraða stofnunarinnar. Umhverfisstofnun barst umsókn um breytingu á starfsleyfi þann 31. mars 2022.

Stofnunin fellst á úrbótaráætlun rekstraraðila.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Virðingarfyllst,

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur
Frigg Thorlacius
lögfræðingur